

Fundargerð

146. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 12. september, kl. 14.00 á skrifstofu HNE á Furuvöllum á Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Hlutverk heilbrigðisnefnda (Umhverfisstofnun):

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar kynnti mikilvægi þess að heilbrigðisnefndir hafi ákveðna formfestu vegna afgreiðslu erinda sem heyra undir nefndina og minnti á sérstöðu heilbrigðisnefnda og það vald sem heilbrigðisnefndum er falið. Kristín Linda skýrði frá hugmyndum um að lögleiða stjórnvaldssektir hér á land. Þá kom Kristín Linda inn á mikilvægi þess að árangur náist varðandi úrbætur á fráveitum sveitarfélaga og nefndi m.a. slæma stöðu hjá einstökum sveitarfélögum í Norðurlandi eystra.

3. Samvinna Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (Umhverfisstofnun):

Kristín Linda skýrði frá skipulagi svokallaðra vorfunda; þar sem koma saman framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og viðkomandi ráðuneyti og hvatti hún til þess að formenn heilbrigðisnefnda sæktu einnig þessa fundi. Þá kom Kristín Linda inn á þann vanda sem felst í því að það er ákveðin væntingagjá á milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sem þarf að brúa.

4. Bjarnarflag og brennisteinsvetni:

Kristín Linda skýrði frá reglusetningu varðandi brennisteinsvetni og hvernig þau mál hafa þróast og var m.a. rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir í Bjarnarflagi í þessu sambandi. Fram koma að Landsvirkjun og aðrir hagsmunaaðilar hafa óskað eftir lengri aðlögunartíma vegna reglusetningar um mörk brennisteinsvetnis og ráðuneyti hafi þau erindi til vinnslu, umfjöllunar og ákvarðanatöku.

Ný verkefni (Umhverfisstofnun):

- a. Lög um stjórn vatnamála: Kristín Linda fór yfir stöðu mála; unnið er að söfnun upplýsinga og gerð álagsgreininga og fyrirséð að þetta er verkefni sem verður unnið að jafnt og þétt til lengri tíma.
- b. Lög um umhverfisábyrgð: Kristín Linda skýrði frá þeirri skyldu mengunarvalda að laga til eftir sig og koma málum í samt horf og áður.
- c. Efni og efnavörur: Kristín Linda kynnti væntanlegar breytingar á efnalöggjöf í þá átt að geta framkvæmt sértækt eftirlit með efnavöru og að þessi breyting kalli á aukna miðstýringu og breytingar til samræmis við Evrópulöggjöf.
- d. Upplýsingaskylda stjórnvalda: Kristín Linda skýrði frá lagabreytingum sem kveða á um ríkari frumkvæðisskyldu stjórnvalda til að upplýsa um mál sem geta haft skaðleg áhrif í samfélaginu og að

stjórnvöld móti sér tikynningarmörk og finni leiðir til að koma slíkum upplýsingum á framfæri.

5. Úrgangur og skólp (Umhverfisstofnun):

Kristín Linda ræddi mikilvægi þess að árangur náist varðandi úrbætur á fráveitum sveitarfélaga og einnig var rætt um mikilvægi áætlana um söfnun og förgun á ýmsum tegundum sorps og skyldu sveitarfélaga til að eiga úrræði.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Mótorhaus ehf, kt. 540612-0730, Stórholti 6, 680 Þórshöfn. Umsókn um starfsleyfi fyrir bílaverkstæði. **Samþykkt.**
2. Hlíð ferðaþjónusta, kt. 660595-2369, Víðihlíð 660 Mývatn. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
3. Fjalladrottningar ehf, Grímstunga 1, 641 Norðurþing. Gistipjónusta breyting á nafni. **Samþykkt.**
4. Heiðarbær, veitingar sf, kt. 630294-2319, Skógum 2, 641 Húsavík. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
5. Mötuneyti Kröfluvirksunar, Steindór Jónsson, kt. 270255-2569. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi, endurbætur á aðstöðu. **Samþykkt.**
6. Mötuneyti Laxárvirksunar, Steindór Jónsson, kt. 270255-2569. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi, endurbætur á aðstöðu. **Samþykkt.**
7. Einishús ehf, kt. 650907-1400, Einarstaðir 2, 641 Húsavík. Umsókn um starfsleyfi, tvö ný sumarhús. **Samþykkt.**
8. Gunnar Hallgrímsson, kt. 040548-3009, Klambraseli, 641 Húsavík. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna breytingar á rekstrarleyfi; sala veitinga í gistingu á Langavatni, 641 Húsavík. **Samþykkt.**
9. Ferðaþjónustan Brekku Þingeyjarsveit, kt. 480909-0970. Viðbót við fyrri rekstur, eitt hús. **Samþykkt.**
10. Ragnheiður Árnadóttir, kt. 260661-4699, Gerði, 650 Laugum. Umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu. **Afgreiðslu frestað.**
11. Vélsmiðjan Vík ehf., kt. 540586-1289, Hafnargötu 3, 610 Grenivík. Vélaviðgerðir og járnsmíði. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
12. Björk ehf., kt. 600973-0379, Sjávargötu 2, 630 Hrísey. Trésmíðaverkstæði án lökkunar. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
13. Púl ehf, kt. 691111-0590, umsókn um starfsleyfi fyrir billjardstofu og krá að Gránufélagsgötu 10, Akureyri, undir nafninu Púlstofan. Umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
14. Fiskistjarnan ehf, kt. 450309-0600, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu undir nafninu "Besti bitinn" að Skipagötu 2, Akureyri. **Samþykkt.**
15. Kaffi Ilmur, kt. 431011-0260, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á kaffiteríu á Amtsbókasafninu, Brekkugötu 17, Akureyri. **Samþykkt.**
16. Guðmundur Árnason, kt. 020353-5709, Kotárgerði 29, Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar. **Samþykkt.**
17. Soleil de minuit ehf, kt. 480207-0410, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð 201 og 301 að Brekkugötu 13, Akureyri. **Samþykkt.**
18. Sigurður Jónsson, kt. 150441-3429, Ásvegi 8, Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi að Hríshöfða við Dalvík. **Samþykkt.**
19. Centrum ehf, kt. 490212-0430, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á gistiskála undir nafninu "Centrum hostel" að Hafnarstræti 2, 2. hæð. **Samþykkt.**

20. Ares ehf, kt. 470612-0830, umsókn um starfsleyfi fyrir söluskála undir nafninu "Gosinn" að Hafnarstræti 105, Akureyri. **Samþykkt.**
21. Canaris ehf, kt. 581109-0590, Hafnarstræti 11 (Laxdalshús), Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á veitingahúsi. **Samþykkt.**
22. Rakel D. Magnúsdóttir, kt. 290684-2269, Oddeyrargötu 12, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu. **Afgreiðslu frestað.**

Önnur mál

1. Kynnt var erindi er varðar hugsanlegan hagsmunaárekstur vegna nábylis ferðaþjónustu og alifuglaræktar á lögbýli.
2. Skýrt var frá kvörtun vegna ófrágenginnar íbúðar í fjöleignarhúsi og fyrri afskiptum heilbrigðisfulltrúa af málinu.
3. Skýrt var frá slysi þar sem barn slasaðist á höfði og krafna um úrbætur hjá rekstraraðila.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 17.00.

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	